

Gestur Jónsson  
kt. 271050-7719  
Silungakvísl 12  
110 Reykjavík

Ragnar Halldór Hall  
kt. 081248-2069  
Suðurhlíð 38C  
105 Reykjavík

## VIÐBÓTARUMSÖGN

um

frumvarp til laga  
um breytingu á lögum  
um meðferð sakamála nr. 88/2008

153. löggjafarþing  
Þingskjal 488 – 428. mál

Nefndasvið Alþingis  
b. t. allsherjar- og menntamálanefndar  
Sent á netfangið [nefnasvid@althingi.is](mailto:nefnasvid@althingi.is)

9. desember 2022

153. löggjafarþing 2022-2023  
Þingskjal 488 – 428. mál

Viðbótarumsögn  
um frumvarp til laga um breytingu á lögum  
um meðferð sakamála nr. 88/2008

Vísað er til umsagnar undirritaðra til nefndarinnar frá 24. nóvember sl. um frumvarp til laga um breytingu á lögum um meðferð sakamála nr. 88/2008. Við höfum nú kannað leiðbeiningar Mannréttindadómstóls Evrópu (MDE) um grein 46 í mannréttinasáttmálanum (MSE) sem uppfærðar voru 31. ágúst sl. Þar er m.a. fjallað um skyldur aðildarríkis sáttmálans gagnvart einstaklingi sem ranglega hefur verið sakfelldur í refsimáli í viðkomandi ríki. Sáttmálinn er hluti af íslenskri löggjöf, sbr. lög nr. 62/1994 með síðari breytingum, og eiga leiðbeiningarnar því við gagnvart Íslandi.

Við teljum könnun okkar gefa tilefni til þess að senda nefndinni þessa viðbótarumsögn.

Á bls. 7 og 8 í leiðbeiningunum er fjallað undir staflíð B. um skuldbindingu sáttmálaríkjanna skv. 46. gr. MSE. Í undirstaflíð B.a., efnisgreinum 6 og 7, kemur eftirfarandi m.a. fram (eigin þýðing):

*Ríki sem ber ábyrgð á broti gegn Mannréttinasáttmála Evrópu hefur þá skyldu að bæta úr brotinu með því að endurskapa þá stöðu sem málið var í áður en brotið var framið, að því gefnu að slíkt sé ekki efnislega ómögulegt (“materially impossible”) og endurupptaka valdi ekki fyrirhöfn sem sé óhæfileg miðað við ávinninginn af því að endurskapa lögmæta stöðu samanborið við að greiða skadabætur (“does not involve a burden out of all proportion to the benefit deriving from restitution instead of compensation”).*

*Með öðrum orðum er endursköpun á fyrri aðstæðum (restitution) meginreglan, en þær aðstæður geta verið til staðar að ríkið sé undanþegið, að öllu leyti eða að hluta, frá þeirri skyldu ef það getur sýnt fram á að aðstæður réttlæti að vikið sé frá þeirri reglu.*

*Tilgangurinn með reglunni um að endurskapa eins og hægt er aðstæðurnar sem voru áður en brotið var framið (“restitutio in integrum”) er að tryggja þeim sem brotið var gegn sömu stöðu og hann var í áður en brotið var gegn réttindum hans skv. mannréttinasáttmálanum. Við setningu reglna í þessu skyni skal viðkomandi ríki gæta þess að meginmarkmiðið (“primary aim”) er að endurskapa stöðuna eins og hún var áður en brot var framið.*

*Ríkið skal tryggja að úrræði fyrir einstakling til þess að bregðast við broti sem staðfest hefur verið af MDE séu fljótverk, videigandi og nægjanleg til þess að rétta hlut einstaklingsins í þeim mæli sem unnt er.*

Við bætum hér inn hlekk á vefsíðu dómstólsins:

[https://www.echr.coe.int/documents/guide\\_art\\_6\\_criminal\\_eng.pdf](https://www.echr.coe.int/documents/guide_art_6_criminal_eng.pdf)

Endurupptökureglurnar skulu samkvæmt þessu miðast við að mál sé endurupptekið í þeirri stöðu sem það var áður en brot var framið.

Í þeim málum sem urðu tilefni þeirrar „togstreitu“ sem sögð er vera milli Hæstaréttar Íslands og Endurupptökudóms hafði síðarnefndi dómstóllinn samþykkt endurupptöku sakfellingardóma fyrir Hæstarétti. Í málunum hafði Hæstiréttur sakfelld menn sem sýknaðir höfðu verið í héraði. Í dómum MDE var engin athugasemd við málsmeðferðina í héraði en sakfellingin talin brot á mannréttindum sem tryggð væru í MSE vegna þess að Hæstiréttur hafi í dómunum ekki virt regluna um milliliðlausa sönnunarfærslu. Brotið eða mistökin sem um ræðir áttu sér stað í Hæstarétti.

Í leiðbeiningum MDE skal við þessar aðstæður endurskapa þá stöðu sem var þegar málið var tekið til dóms í Hæstarétti. Þar sem Hæstiréttur er þá bundinn af sönnunarmati héraðsdóms ber Hæstarétti að réttum lögum að sýkna viðkomandi.

Sú hugmynd frumvarpshöfunda að í málum sem þessum skuli ný sönnunarfærsla fara fram fyrir Landsrétti er augljóslega andstæð skýringum MDE á efni 46. gr. sáttmálans. Innlend löggjöf sem heimilaði slíkt væri eflaust brot af hálfu Íslands á skyldum sínum samkvæmt sáttmálanum. Með því væri brotið gegn réttindum einstaklinga sem þurft hafa árum saman að þola ólögmæta sakfellingu. Tilgangurinn með því að heimila endurupptöku sakamáls, vegna brots gegn mannréttindum hins sakfellda, snýst um réttindi þess einstaklings sem í hlut á. Tilgangurinn er ekki að gefa dómstóli sem felld hefur ólögmætana sakfellingardóm tækifæri til þess að sakfella öðru sinn á grundvelli nýrrar sönnunarfærslu.

Virðingarfyllt

  
Gestur Jónsson

  
Ragnar Halldór Hall